



Fjarðabyggð, 24.01.2019

Tilvísun 1806053/7.0

## Bréf til foreldra og forráðamanna - reglur um notkun snjalltækja í grunnskólum Fjarðabyggðar

Ágætu viðtakendur.

Í desember samþykkti bæjarstjórn eftirfarandi reglur um notkun snjalltækja í grunnskólum Fjarðabyggðar. Reglurnar taka gildi frá og með 1. febrúar 2019.

- Nemendur í grunnskólum Fjarðabyggðar skulu ekki nota eigin snjalltæki, snjallsíma eða snjallúr á skólatíma, hvorki í skólanum né á skólalóð. Maelst er til þess að nemendur geymi snjalltæki heima. Taki nemendur þau með í skólann skal vera slökkt á þeim. Skólastjóri getur gert undantekningu frá þessari reglu í ákveðnum tilvikum.
- Brjóti nemandi þessar reglur skal starfsfolk benda nemanda á að setja tækið niður í tösku og slökkva á því. Brjóti nemandi ítrekað þessar reglur skal honum vísað til skólastjóra þar sem nemandi afhendir tækið og foreldrar/forráðamenn sækja það. Neiti nemandi að afhenda slík tæki þá skulu foreldrar/forráðamenn koma í skólann og ná í tækið.
- Þessar reglur og framkvæmd þeirra skal endurskoða í janúar 2020.

Einnig voru eftirfarandi verklagsreglur samþykktar vegna notkunar starfsmanna á snjalltækjum í grunnskólum Fjarðabyggðar.

- Í grunnskólum Fjarðabyggðar hefur starfsfolk leyfi til að nota eigin snjalltæki í kennslufræðilegum tilgangi eða sem öryggistæki.
- Starfsmenn skulu gæta þess að stilla snjalltæki þannig að ekki hljótist af truflun fyrir annað starfsfolk og nemendur.

Reglurnar hafa verið kynntar fyrir nemendum og starfsmönnum grunnskólanna í Fjarðabyggð.

Samhliða nýjum reglum hefur tækjabúnaður grunnskólanna verið bættur til muna og á næstu vikum verður netsamband skólanna eflið sem og þráðlaust net. Þessum aðgerðum er ætlað að styðja við þróun kennsluháttar í skólunum og auka fjölbreytni í námi nemenda í takt við nýja tíma.

Með nýjum reglum vonumst við til að jafnræði meðal nemenda aukist, nemendur nái enn betri einbeitingu og árangri í námi og félagsleg samskipti eflist.

Við vonumst eftir góðu samstarfi við foreldra og forráðamenn við innleiðingu á þessum nýju reglum, þannig að hún geti gengið sem best fyrir sig.

Með bestu kveðju

f.h. skólastjóra grunnskólanna og fræðslustjóra

